

21

3. marz

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjóttir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kaupþingsins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildu björgunarliðinu (sbr. 26. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum eða æfingastað nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. apríl og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. marz 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

22

3. marz

REGLUR

um innheimtu útsvara í Neskaupstað á tímabilinu 15. marz til 1. maí 1944.

1. gr.

Sérhver útsvarsgræiðandi í Neskaupstað, sem gjaldskyldur er við aðalniðurjöfnun útsvara árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1943.

2. gr.

Gjalddagar á greiðslum þeim, er um getur í 1. gr. þessara reglna, skulu vera 15. marz, 1. apríl og 1. maí 1944, að þriðja hluta í hvert skipti.

3. gr.

Um innheimtu, endurgreiðslu og dráttarvexti fer eftir lögum nr. 100 frá 30. des. 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

4. gr.

Um skyldur kaupgræiðenda til að halda eftir af kaupi upp í útsvarsgræiðslur, fer eftir lögum nr. 23 frá 1940.

5. gr.

Lögtaksréttur er á vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum, eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum. 3. marz

22

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. marz 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Gyðu Halldórs- dóttur hárgreiðslukonu“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð- herra 22. febrúar 1944. 23 22. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Gyðu Halldórsdóttur hárgreiðslukonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gyðu Halldórsdóttur hárgreiðslukonu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af föður hennar, Halldóri Jónssyni, unnusta hennar, Ólafi Jónssyni, og öðru venzlafólki, við andlát hennar 25. marz 1943.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3650.00 — þrjú þúsund sex hundruð og fimmtíu krónur. — Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum eða á annan jafntryggilegan hátt. Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúlkur í Reykjavík, sem lokið hafa burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík og sveinsprófi í einhverri handiðn, til framhaldsnáms við Iðnskólann í Reykjavík.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar vaxtatekjur hans eru orðnar kr. 200.00 á ári, má verja $\frac{1}{2}$ þeirra samkvæmt 4. gr. Öðrum tekjum sjóðsins, svo sem gjöfum, áheitum, tillögum o. fl., má verja á sama hátt, nema önnur ákvæði fylgi framlaginu, en $\frac{1}{2}$ vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstól sjóðsins.

6. gr.

Á meðan ekki er starfræktur dagskóli við Iðnskólann í Reykjavík eða verkleg og fræðileg framhaldsnámskeið, leggjast allar árstekjur sjóðsins við höfuðstól hans.